

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030

BREYTING Á SKILMÁLUM AÐALSKIPULAGS, 29. JANÚAR 2019

BREYTING NR. 2, GISTING Á ÍBÚÐARSVÆÐUM

Breyting á aðalskipulagi felst í eftirfarandi:

Breyting á aðalskipulagi varðar texta í kafla 2.1.1 *Íbúðarbyggð* í greinargerð aðalskipulagsins. Breytingin felur í sér að heimilt verður að gefa út nýtt leyfi fyrir skammtímaleigu í húsnæði á íbúðarsvæðum til samræmis við áður útgefin leyfi. Er þá miðað við að umfang starfseminnar aukist ekki frá því sem áður var heimilt.

Fyrir breytingu:

2.1.1 Íbúðarbyggð

Almenn ákvæði:

Á öllum íbúðarsvæðum gilda þau ákvæði að þar skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis og muni ekki valda óþægindum vegna mengunar eða umferðar, svo sem verslunum, þjónustustarfsemi, leiksvæðum og hreinlegum iðnaði. Gæta skal sérstaklega að búsetuhagsmunum íbúa varðandi nágrenni við slíka starfsemi. Bensínafgreiðslur eru ekki heimilar í íbúðarhverfum. Rekstrarleyfisskyld skammtímaleiga er þannig óheimil á íbúðarsvæðum nema kveðið sé á um það í aðalskipulagi einstakra reita og skal þá skilgreina það í deiliskipulagi ásamt fjölda og hlutfalli gísteininga á íbúðarreitnum. Gilda þá lög um fjöleignarhús nr. 26/1994 varðandi samþykki meðeigenda og lög um mannvirki nr. 160/2010 varðandi breytta notkun húss. - Leiksvæði innan íbúðarsvæða eru merkt með L á aðalskipulagsupprætti.

Skýringar: Rekstrarleyfisskyld skammtímaleiga er gisting í íbúðarhúsi leigusala eða í annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu, sem telst heyra undir atvinnurekstur samkvæmt 3. grein laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 m.s.br.

Eftir breytingu: (breyttur texti er undirstrikaður)

2.1.1 Íbúðarbyggð


Almenn ákvæði:

Á öllum íbúðarsvæðum gilda þau ákvæði að þar skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis og muni ekki valda óþægindum vegna mengunar eða umferðar, svo sem verslunum, þjónustustarfsemi, leiksvæðum og hreinlegum iðnaði. Gæta skal sérstaklega að búsetuhagsmunum íbúa varðandi nágrenni við slíka starfsemi. Bensínafgreiðslur eru ekki heimilar í íbúðarhverfum. Rekstrarleyfisskyld skammtímaleiga er þannig óheimil á íbúðarsvæðum nema kveðið sé á um það í aðalskipulagi einstakra reita og skal þá skilgreina það í deiliskipulagi ásamt fjölda og hlutfalli gísteininga á íbúðarreitnum.

Þó er heimilt að gefa út nýtt leyfi fyrir skammtímaleigu í húsnæði á íbúðarsvæðum til samræmis við áður útgefin leyfi. Er þá miðað við að umfang starfseminnar aukist ekki frá því sem áður var heimilt.

Gilda þá lög um fjöleignarhús nr. 26/1994 varðandi samþykki meðeigenda og lög um mannvirki nr. 160/2010 varðandi breytta notkun húss. - Leiksvæði innan íbúðarsvæða eru merkt með L á aðalskipulagsupprætti.

Skýringar: Rekstrarleyfisskyld skammtímaleiga er gisting í íbúðarhúsi leigusala eða í annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu, sem telst heyra undir atvinnurekstur samkvæmt 3. grein laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 m.s.br.



Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030, séruppráttur Akureyrri - þéttbýli

Fyrir utan breytingar þessar gildir greinargerð Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030, öðlaðist gildi 14. maí 2018.

Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann 22. janúar 2019


Bæjarstjóri Akureyrar

Samþykkt aðalskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af
Stjórvalgsstofnun 5. mars 2019.
 

